



Velferðarráðuneytið

Reykjavík, 29 júní 2018

Efni: Kröfur landlæknis um öryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu

Samtök atvinnulífsins, SVP – Samtök verslunar og þjónustu og Viðskiptaráð Íslands („samtökin“) hafa tekið til umsagnar kröfur landlæknis um öryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu sem birt var í samráðsgáttinni hinn 4. júní sl. Samtökin taka undir mikilvægi þess að gætt sé að fyllsta öryggi við veitingu og rekstur fjarheilbrigðisþjónustu. Samtökin gera hins vegar athugasemdir við þær kröfur sem Embætti landlæknis hyggst setja, bæði um lögmæti þeirra og efnislegt innihald.

1. Lagastoð

Samtökin telja ekki skýrt á hvaða lagaheimildum umræddar kröfur eru byggðar og í hvaða lagareglu þær sækja stoð. Í skjalinu er vísað til 6. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu sem mælir fyrir um faglegar kröfur til rekstur heilbrigðisþjónustu en 1. mgr. ákvæðisins hljóðar svo:

„Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis og að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisstéttir, kveða í **reglugerð** á um faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu á einstökum sviðum. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um lágmarkskröfur um mönnun, húsnæði, aðstöðu, tæki og búnað til reksturs heilbrigðisþjónustu.“

Hvergi kemur fram að landlæknir hafi heimild til að útfæra nánar faglegar lágmarkskröfur til rekstur heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt lögnum hefur ráðherra heimild til að mæla fyrir um þær kröfur í reglugerð en ekki er að sjá að slík reglugerð hafi verið sett. Samkvæmt lögum nr. 41/2007 er embættinu hins vegar veitt heimild til að setja faglegar leiðbeiningar og hafa eftirlit með hvort fyrirhugaður rekstur uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf. Þá eru lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu samhljóða þessum ákvæðum. Allar *kröfur* til reksturs heilbrigðisþjónustu eiga því að koma fram í heilbrigðislöggjöf, í formi laga og reglugerða.

Samtökin benda á að í skjalinu er vísað til laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ný löggjöf um persónuvernd (GDPR) var samþykkt á Alþingi nýlega og tekur gildi þann 15. júlí nk. Mikilvægt er að vísað sé til réttra laga og lagagreina og tekið sé mið af breyttum reglum. Hin nýja persónuverndarlöggjöf gerir auknar kröfur til fyrirtækja í landinu um hvernig gætt sé að öryggi, meðferð og vinnslu viðkvæmra persónuupplýsingar.

2. Efnisreglur krafanna

Þá ber að gæta þess að kröfurnar eru settar fram án rökstuðnings og eru margar hverjar íþyngjandi. Má t.d. nefna að einungis er heimilt að vista upplýsingar í skýlausnum hérlandis. Engar skýringar má finna með þessari reglu né heldur hvaða rök standi henni að baki. Telja samtökin að að þessi krafa geti falið í sér brot gegn 36. gr. EES-samningsins um frjálst flæði þjónustu, enda hindra þær aðgengi aðila sem búsettir eru annars staðar innan EES-svæðisins í því að sækja sér þjónustu á Íslandi. Þá má einnig nefna þá kröfu að engin gögn megi geyma á vefþjóni sem er opin út á internetið og að þau skuli geyma á sérstökum netþjóni á öruggu neti.



Ekki fylgir með skilgreining á hvað flokkist sem vefþjónn sem er „opinn er út á internetið“. Í kröfunum eru settar fram strangar reglur um dulkóðun og verndun upplýsinga. Er því ekki augljóst hvaða vefþjónn teljist vera opinn og hver öruggur í skilningi krafanna.

Þá telja samtökin að kröfurnar endurspegli ekki framtíðarhorfur á vinnumarkaði og á sviði fjarþjónustu. Rafræn samskipti munu aukast og munu hafa áhrif á störf og aðgengi að þjónustu. Slíkar breytingar munu fela í sér auknar kröfur um sveigjanleika, bæði á vinnumarkaði og í þjónustu. Mikilvægt er að stjórnvöld hér á landi taki þátt í að móta þessar breytingar og skapi lagaumhverfi sem taki mið af þessum breytingum.

Núverandi kröfur gera það að verkum að þær hindra sérfræðinga til að starfa í breyttu og sveigjanlegu starfsumhverfi. Eftirspurn eftir sérfræðingum innan heilbrigðisþjónustunnar er mikil og langt umfram framboð. Með því að setja strangar kröfur sem ekki eru í takt við breytta tíma er dregið úr þeim möguleika að sérfræðingar geti sinnt störfum sínum með auðveldari hætti. Vísá samtökin hér sérstaklega til þeirrar kröfu um að heilbrigðisstarfsmaður skuli vera staðsettur á þeirri starfstöð sem fram kemur í tilkynningu um rekstur. Telja samtökin að þessi krafa sé úrelt. Kostir fjarheilbrigðisþjónustu felist einmitt í því að aðgengi að sérfræðingum eigi að aukast. Með tæknilegum lausnum getur skjólstaðingur t.d. fengið aðstoð og aðgengi að sérfræðiþjónustu óháð staðsetningu. Tæknilausnir eru líka til þess fallnar að draga úr kostnaði við þjónustuna og gefur fleirum kost á að nýta sér hana. Aukið aðgengi ætti að vera meginmarkmið stjórnvalda ásamt því að tryggja öryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu.

3. Niðurstaða

Samtökin telja mikilvægt að kröfur landlæknis verði endurskoðaðar með þessi sjónarmið að leiðarljósi. Það er varhugavert að landlæknir geti sett íþyngjandi kröfur sem þessar án þess að skýrt komi fram á hverju þær byggja. Samtökin hvetja þá stjórnvöld til þess að mótaðar verði reglur sem taka mið af þeim tæknibreytingum sem framundan eru og kröfurnar útskýrðar og rökstuddar með betri hætti. Mikilvægt er að við séum, líkt og nágrannalönd okkar, með góða og vel mótaða löggjöf sem auki aðgengi að fjarheilbrigðisþjónustu, skapi jöfn tækifæri og gæti jafnframt fyllsta öryggis.

Virðingarfyllt,

Unnur Elfa Hallsteinsdóttir, f.h. Samtaka atvinnulífsins

Lárus M.K. Ólafsson, f.h SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Ásta Sigríður Fjelsted, f.h Viðskiptaráðs Íslands